

KRISTÍN LOFTSDÓTTIR

Útlendingar, negrastrákar og hryðjuverkamenn

Kynþáttafordómar í íslenskum samtíma

Inngangur

Ljósritaða verkefnabókin sem ég fann í tösku sonar míns fyrir nokkrum árum vakti athygli mína vegna þess að hún fjallar um strák í þorpi í Afríku þar sem allir lifa „einföldu“ lífi og öll verk taka langan tíma. En einn daginn kemur „hvítt“ fólk og byggir brunna með tæknikunnáttu sinni og lífið í þorpinu verður auðveldara og betra. Sagan sjálf er styttri en ein síða og sonur minn svaraði ólíkum spurningum sem tengjast textanum enda er tilgangur bókarinnar að kanna lesskilning. Þetta dæmi er eitt af mörgum sem endurspegla hvernig einstaklingar – í þessu tilfalli sonur minn – læra að þekkja sig og aðra út frá flokkun í kynþætti og staðsetja sig innan hennar en þetta ferli má kalla á íslensku „kynþáttun“.¹ Þetta er auðvitað ekki markmið bókarinnar en einmitt þar endurspeglast mikilvægi hennar. Ákveðin þekking er sett fram sem sjálfsgöð og eðlileg eða sem almenn skynsemi eins og ítalski fræðimaðurinn Antonio Gramsci² mundi orða það. Ljósritað heftið endurspeglar jafnframt hvernig eingöngu hluti af þeim orðræðum sem fela í sér flokkun fólks í kynþætti er skilgreindur sem fordómar á meðan aðrar ímyndir eða textar eru ekki settar í slíkt samhengi þrátt fyrir að kynþáttaflokkunar, sem leið til að flokka líffræðilega fjölbreytni mannkyns, hafi um langa hríð verið taldar úreltar af fræðimönnum og miklu fremur sagðar endurspegla fordóma sem urðu til í Evrópu á ákveðnum tíma.

¹ Þetta er tilraun mín til að þýða hugtakið „racialization“ á svipaðan hátt og hugtakið „gendering“ hefur verið þýtt sem „kynjun“.

² Antonio Gramsci, *Selections from the Prison Notebooks*, New York: International Publishers, 1971.

Í þessari grein fjalla ég um fjölþættar birtingarmyndir kynþáttahugmynda í íslenskum samtíma. Ég bendi á að hugtakið „sakleysi“ geti hjálpað til við að skilja kynþáttafordóma á Íslandi í samtímanum, þar sem þeim er ekki algjörlega hafnað sem hluta af íslensku samfélagi en oft litið á þá sem „útlenskt“ eða nýtt fyrirbæri. Hugtakið sakleysi felur þannig í sér þá fyrirframingu forsögu að Ísland standi fyrir utan þá gífurlegu fordóma sem einkenna sögu Evrópubúa og réttlætir að ákveðnu leyti ónæmi á Íslandi fyrir ýmsu sem viðurkennt er að sé fordómafullt annars staðar í heiminum. Eins og vel er þekkt var kynþáttahyggi ráðandi þáttur í heimsmynd og sjálfsskilningi Evrópubúa í lok nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu en eftir seinni heimsstyrjöld var hún harkalega fordæmd.³ Fræðileg umræða lagði jafnframt áherslu á að kynþáttahyggi endurspegladi ekki líffræðilega fjölbreytni mannkyns og kynþáttaheiti byggðu því ekki á vísindalegri flokkun á mannkyni.⁴ Alþjóðlegar samþykktir voru gerðar eftir stríðið sem banna mismunun byggða á kynþáttum⁵ og almenn umræða á Vesturlöndum hefur í auknum mæli einkennst af því að flestir hafna því að viðhorf þeirra endurspeglu fordóma í garð annarra kynþátta, þrátt fyrir að oft sé ekki sett spurningarmerki við tilurð kynþátta sem slíkra.⁶ Birtingarmyndir kynþáttafordóma hafa þó samhliða færst frá áherslu á líffræðilegan uppruna yfir í óljósari tilvísun í „menningu“ og „trúarbrögð“.⁷ Slíkar áherslur hafa orðið sérlega sýnilegar í kjölfar aukinnar umræðu um fjölmennningarlegt samfélag sem eitt megineinkenni Evrópu í samtím-

³ Kimberlé William Crenshaw, „Race, Reform and Retrenchment“, *Theories of Race and Racism: A Reader*, ritstj. Les Back and John Solomos, London: Routledge, 2000, bls. 549–560, hér bls. 552–553. Þó má benda á að slíkar samþykktir virðast oft ganga út frá að kynþættir séu vísindaleg flokkun og sé þannig til í líffræðilegum skilningi (sjá B. Isaac *The Invention of Racism in Classical Antiquity*. New Jersey, 2004, hér bls. 32).

⁴ E. Shanklin, „The Profession of the Color Blind: Sociocultural Anthropology and Racism in the 21st Century“, *American Anthropologist*, 100 (1998), bls. 669–679.

⁵ Kimberlé Williams Crenshaw, „Race, Reform and Retrenchment“, *Theories of Race and Racism: A Reader*, ritstj. Les Back og John Solomos, New York: Routledge, 2000, bls. 549–560, hér bls. 552.

⁶ Raúl Pérez, „Learning to make racism funny in the ‘color-blind’ era: Stand-up comedy students, performance strategies, and the (re)production of racist jokes in public“, *Discourse and Society*, 24 (4) 2013, bls. 478–503.

⁷ Til dæmis Eduardo Bonilla-Silva, *Racism without Racists: Color-blind Racism and the Persistence of Racial Inequality in the United States*, Lanham: Rowman and Littlefield Publishers, 2006.

anum og vangaveltur um merkingu þess. Gavan Titley og Alana Lentin⁸ benda á að líta megi svo á að frasinn „fjölmennning hefur brugðist“ (e. *failure of multiculturalism*), sem iðulega má heyra í evrópsku samhengi, feli oft í sér leið til þess að tjá kynþáttafordóma í garð ákveðinna hópa. Kynþáttafordómar hafa þó alltaf falið í sér menningarlegar og félagslegar skírskotanir.⁹ Þegar opinská líffræðileg rök hafa orðið óásættanleg sem útskýring á mismunun í samfélaginu eða sem réttlætning á fordæmingu ákveðinna hópa hefur áhersla á menningarlegan og trúarlegan mun orðið mikilvægari.¹⁰ Því má spyrja hvað það er í almennri umræðu sem litið er á sem kynþáttafordóma og hvaða orðræður sem byggja á opinni eða undirliggjandi flokkun í kynþætti eru ekki flokkaðar sem slíkar?

Áður en lengra er haldið er rétt að benda á að ekki eingöngu hefur reynst erfitt að skilgreina fræðilega hvað kynþáttafordómar eru á alþjóðlegum vettvangi, heldur hefur þýðing orðanna yfir á íslensku verið vandkvæðum bundin. Hugtökin kynþáttahyggi og kynþáttafordómar eru oftast notuð sem þýðing á enska orðinu „racism“. Slíkt getur þó verið villandi því í erlendra fræðilegri umræðu felur notkun enska hugtaksins ekki eingöngu í sér tilvísun til fordóma og ólík valdatengsl heldur einnig vísun til hugmyndafræði (eða „isma“) þ.e. flokkun manneskjunnar í ólíkar undirtegundir sem urðu mikilvægur þáttur í heimsmynd Evrópubúa á 19. öld. Hér nota ég því hugtökin kynþáttafordómar og kynþátthyggi jafnhliða sem þýðingar á enska hugtakinu *racism*, en undirstrika má að með því er ekki verið að aðskilja trúna á að hægt sé að flokka fólk í kynþætti frá fordómum heldur fyrst og fremst að benda á að kynþáttafordómar byggja á grunnforsögunni að hægt sé að aðskilja mannkyn í kynþætti sem eru þá ólíkir að einhverju leyti. Kynþáttahyggi er því alltaf samofin hugmyndum um ákveðin valdatengsl milli þessara hópa. Hugtakið „kynþáttun“ hefur notið aukinna vinsælda meðal fræðafólks síðastliðin ár líklega vegna þess að það dregur skýrar fram kynþáttaflokkunir sem viðvarandi í samfélögum samtímans. Kynþáttun vísar til þess hvernig einstaklingar læra að þekkja sig og aðra innan hugmyndakerfis kynþáttahyggiunnar og dregur þannig

⁸ Gavan Titley og Alana Lentin, *The Crises of Multiculturalism*, London og New York: Zed Books, 2011.

⁹ Anne McClintock, „The Angel of Progress: Pitfalls of the term “Post Colonialism”“, *Social Text* 32 1992, bls. 84–98.

¹⁰ Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, „Images of Iceland, Globalization and Multicultural society“, *Images of the North: Histories – Identities – Ideas*, ritstj. Sverrir Jakobsson, Amsterdam: Rodopi, 2009, bls. 201–212.

fram hvernig kynþáttur verður merkingarbær í félagslegu og sögulegu samhengi.¹¹

Eins og fyrr var bent á hefur reynst erfitt, vegna þess hversu breytilegar kynþáttahugmyndir hafa verið, að skilgreina nákvæmlega mörk á milli kynþáttafordóma og annarra fordóma, svo sem útlendingahaturs,¹² ásamt því að hugmyndir um kynþætti hafa alltaf verið samofnar hugmyndum um kyn og stétt.¹³ Í sumum tilfellum hafa einnig hópar sem eru iðulega skotmörk kynþáttafordóma, eins og svart fólk í Bandaríkjunum, tekið upp hugtök sem sögulega séð hafa verið niðrandi og notað þau sem verkfæri í eigin andófi og valdeflingu.¹⁴ Slíkt dregur enn betur athygli að því hvernig túlkun samfélagsins á hvað eru kynþáttafordómar er að einhverju marki háð sögulegu samhengi og valdatengslum.

Greinin hefst á nokkuð almennri umræðu um einkenni kynþáttafordóma í samtímanum og hvernig hún felur oft í sér afneitun þeirra. Í greininni er lögð áhersla á mikilvægi þess að skoða kynþáttahugmyndir á staðbundnari hátt, án þess þó að líta fram hjá því hvernig þær færast á milli staða og tímabila í sífellt flóknari heimi miðlunar. Ég kem svo inn á nokkrar birtingarmyndir kynþáttafordóma gegn ólíkum hópum í íslenskum samtíma og jafnframt einkenni þess sem er litið á sem kynþáttafordóma í almennri umræðu.

Umfjöllun mín byggir á gögnum úr tveimur verkefnum. Fyrra verkefnið sneri að endurútgáfu bókarinnar *Negrastrákarnir* árið 2007 en þá tók ég viðtöl við tuttugu einstaklinga af afrískum uppruna sem hafa búið á Íslandi um lengri og skemmri tíma, og Íslendinga án innflytjendabakgrunns (27 einstaklinga og tekin voru viðtöl við flesta í rýnihópnum). Einnig byggir greinin á gögnum sem safnað var saman í tengslum við verkefnið „Íslensk sjálfsmynd í krepptu“ þar sem meðal annars voru tekin viðtöl við samtals 19 einstaklinga á Íslandi frá Litháen og Lettlandi. Þá er loks fjölmiðlaumræða um innflytjendur á Íslandi skoðuð.¹⁵

¹¹ Steve Garner, *Racism: An Introduction*. Los Angeles: Sage, 2010.

¹² A. Rattansi, *Racism: A Very Short Introduction*. Oxford: Oxford University Press, 2007; Arif Dirlik „Race Talk, Race, and Contemporary Racism“, *PMLA*, 123 (5) 2008, bls. 1363–1379, hér bls. 1369

¹³ Kristín Loftsdóttir og Brigitte Hipfl, „Introduction“, *Teaching “Race” with a Gendered Edge*, ritstj. Brigitte Hipfl og Kristín Loftsdóttir, Utrecht og Budapest: Atgender og Central European Press, 2011, bls. 1–22.

¹⁴ Mark Anthony Neal, „NIGGA: The 21st-Century Theoretical Superhero“, *Cultural Anthropology*, 28 (3) 2013, bls. 556–563.

¹⁵ Gögnum var safnað innan rannsóknarverkefna styrkt af Rannís (númer styrks:

Kenningar og bakgrunnur

Í Bandaríkjunum nútímans og að einhverju marki í Evrópu er því í auknum mæli haldið fram að kynþáttahyggja sé liðin undir lok (e. *post-race*) og þar af leiðandi séu kynþáttafordómar horfnir. Stundum er jafnvel staðhæft að kynþáttafordómar geti ekki verið til vegna þess að fræðafólk hafi sýnt fram á að kynþættir séu ekki til, þ.e. vísað er í áherslur fræðafólks undanfarinna áratuga að hugtakið endurspegli ekki náttúrulega líffræðilega skiptingu mannkyns heldur sé kynþáttahyggja félagsleg flokkun sem verður til á ákveðnu tímabili.¹⁶ Þetta felur þó í sér grófa afbökun á þeirri nálgun að kynþáttahyggja sé félagsleg flokkun. Litið er framhjá að lögð hefur verið rík áhersla á *afleiðingar* hugmyndarinnar um kynþætti og að hún móti aðstæður og líf einstaklinga á mjög raunverulegan hátt. Því er ekki hægt að gera lítið úr kynþætti sem breytu sem hefur áhrif á mannvirðingu og aðstæður fólks víða um heim. Þegar Barack Obama var kosinn Bandaríkjaforseti árið 2008 fékk hugmyndin um að kynþáttahyggja skipti ekki lengur máli byr undir báða vængi í bandarísku samfélagi. Kjör hans var að margra mati táknmynd þess að nú hefðu minnihlutahópar náð völdum og hvítir væru í raun þeir sem þyrfti að hlúa sérstaklega að.¹⁷ Slík nálgun endurspeglar mikilvægi þess að beina sjónum að hugmyndum um ‚hvítleika‘ (e. *whiteness*) sem hluta af kynþáttahyggju því, eins og bent er á í upphafi, byggir kynþáttun á flokkun fólks og skapar þannig sjálfsverur (e. *subjects*).¹⁸ Forræði þess að vera ‚hvítur‘ byggir á ósýnileika hvítleika sem kynþáttaflokkun að því leyti að þeir einstaklingar sem fá stöðu sem hvítir þurfa ekki að skilgreina sig eða hugsa um sig á þann hátt heldur verða þeir sjálfir viðmið sem aðrir eru greindir út frá.¹⁹

Á Norðurlöndunum hefur umræðan verið heldur ólík þeirri sem fram hefur farið í Bandaríkjunum. Tilhneiging hefur verið til þess að staðsetja Norðurlöndin utan nýlendu- og heimsvaldastefnu og kynþáttafor-

130426–052) og Próunarsjóði innflytjendamála.

¹⁶ Michael McEachrane, „There’s a white elephant in the room: Equality and Race in (Northern) Europe“, *Afro-Nordic Landscapes: Equality and Race in Northern Europe*, ritstj. Michael McEachrane, New York og London: Routledge, 2014, bls. 87–119, hér bls. 98.

¹⁷ Alana Lentin, „Post-race, post politics: the paradoxical rise of culture after multiculturalism“, *Ethnic and Racial Studies*, 37 (8) 2014, bls. 1268–1285.

¹⁸ John Hartigan Jr. „Establishing the Fact of Whiteness“, *American Anthropologist*, 99 (3) 1997, bls. 495–505.

¹⁹ Nirmal Puwar, „Thinking About Making a Difference“, *The British Journal of Politics and International Relations*, 6 (1) 2004, bls. 65–80.

dómar eru þá einnig taldir ótengdir sögu Norðurlandanna. Þannig er til dæmis iðulega litið fram hjá því að Danmörk var stórtækt nýlenduveldi fyrr á öldum og réð yfir landsvæðum víðs vegar um heim.²⁰ Norðurlöndin tengdust nýlenduverkefninu á margvíslegan annan hátt og tengsl þeirra við nýlendutímamann takmarkast ekki eingöngu af formlegri þátttöku þeirra sem sjálfstæðra þjóðríkja heldur var kynþáttahyggju til að mynda að finna í margvíslegum textum frá öllum Norðurlöndunum. Diana Mulinari, Suv Keskinen, Sara Irni og Salla Tuori nota hugtakið „colonial complicity“ eða samsekt til að draga athygli að þessari margvíslegu þátttöku Norðurlandanna að nýlenduverkefninu og birtingarmyndum hennar sem oft gátu verið ólíkar að umfangi og gerð.²¹ Í bók minni og Lars Jensens leggjum við áherslu á hugmyndina um „norrænu undantekninguna“ (e. *Nordic exceptionalism*) sem mikilvægan þátt í því að viðhalda þessari sýn á Norðurlöndin, þ.e.a.s. að þau hafi staðið utan nýlendu- og heimsvaldastefnu en hún felur það í sér að Norðurlöndin séu ólík öðrum löndum Evrópu, friðsælli og undanskilin sögu nýlendutímans.²² Þessi hugmynd um Norðurlöndin sem undanskilin nýlenduhyggju gerir einnig lítið úr þeirri framkomu sem frumbyggjahópar innan Norðurlandanna, til að mynda Samar, hafa þurft að þola auk kynþáttafordóma í garð þeirra í gegnum tíðina.²³ Hugmyndin um norrænu undantekninguna sér Norðurlandabúum þannig fyrir áhrifamiklum útskýringaramma á tengslum Norðurlandanna við umheiminn.

Nýlegar nálganir til kynþáttahyggju leggja á nokkuð svipaðan hátt áherslu á að ekki sé nóg að skoða eingöngu þróun kynþáttahyggju heldur þurfi að skoða birtingarmyndir hennar í menningarlegu og félagslegu

²⁰ Bolette Blaagaard and Rikke Andreassen, „Disappearing Act: The Forgotten History of Colonialism, Eugenics and Gendered Othering in Denmark“, *Teaching „Race“ with a Gendered Edge*, ritstj. Brigitte Hipfl and Kristín Loftsdóttir, Utrecht og Budapest: Atgender og Central European Press, 2011, bls. 81–95.

²¹ Suv Keskinen, Sara Irni, Diana Mulinari og Salla Tuori (ritstj.), *Complying with Colonialism*, Farnham: Ashgate, 2009, bls. 2.

²² Kristín Loftsdóttir og Lars Jensen (ritstj.), *Whiteness and Postcolonialism in the Nordic Region: Exceptionalism, Migrant Others and National Identities*, Farnham: Ashgate, 2012; Christopher S. Browning, „Branding Nordicity: Models, Identity and the Decline of Exceptionalism“, *Cooperation and Conflict*, 42 (1) 2007, bls. 28–51, hér bls. 28.

²³ Anna Heith, „Aesthetics and Ethnicity: The Role of Boundaries in Sámi and Tornedalian Art“, *Whiteness and Postcolonialism in the Nordic Region: Exceptionalism, Migrant Others and National Identities*, ritstj. Kristín Loftsdóttir og Lars Jensen, Farnham: Ashgate, 2012.

samhengi. Pierre Bourdieu og L. Wacquant²⁴ hafa þar gagnrýnt hvernig sértækar bandarískar hugmyndir um kynþætti fá sess sem algildur rammur (e. *particularism universalized*) fyrir rannsóknir á kynþáttafordómum. Evrópskir fræðimenn hafa meðal annars bent á hvernig hugmyndir um hvítleika hafa að einhverju leyti þróast á annan hátt innan Evrópu en í Bandaríkjunum,²⁵ þar sem kynþáttahyggja er ofin saman við hugmyndir á borð við stöðu Evrópu sem vöggju siðmenningar og hugmynda um nývæðingu. Í Bandaríkjunum hefur hins vegar verið lögð megináhersla á andstæðuparið svartur og hvítur í tengslum við sögu þrælahalds og aðskilnaðarhyggju.²⁶ Hér má benda á mikilvægi hugmynda femínista um skörun (e. *intersectionality*) en þær hafa reynst sérlega gagnlegar til að skilja kynþáttahugmyndir í evrópsku samhengi vegna þeirrar áherslu að taka þurfi tillit til skörunar ólíkra þátta sjálfsmýnda, svo sem litarhafts, kyns, trúarbragða, kynhneigðar og stéttarstöðu.²⁷

Jafnframt má benda á valdatengsl milli ólíkra landa Evrópu þar sem sum þeirra hafa sterkari stöðu sem hluti af Evrópu en önnur. Þannig má heldur ekki álykta sem svo að alls staðar í Evrópu hafi kynþáttahyggja þróast á sama hátt.²⁸ Ef við tökum Ísland sem dæmi drógu ímyndir Afríku á Íslandi undir lok 19. aldar og upphaf þeirra tuttugustu dóm af orðræðum annars staðar hvað varðar kynþáttafordóma. Íslenskir menntamenn tóku upp nokkuð gagnrýnislaust meginþemu kynþáttahyggju frá Evrópu og Bandaríkjunum, þar sem svörtum Afríkubúum var til dæmis oft lýst á niðrandi hátt en samhliða stóðu þessar hugmyndir þó í flóknu samspili við hugmyndir Íslendinga um stöðu þeirra sjálfra í alþjóðasamfélaginu. Þessar sömu orðræður sneru þannig ekkert sérstaklega að því að skapa sérstöðuna „hvítur“ andstætt „svartur“ heldur að mjög stórum hluta að skilja stöðu Íslands sem danskrar hjálendu og þjóðar sem segðist eiga rétt á að

²⁴ Pierre Bourdieu og Luc Wacquant, „On the Cunning of Imperialist Reason“, *Theory, Culture and Society*, 16 (1) 1999, bls. 41–58.

²⁵ Philomena Essed og Sandra Trienkens „Who wants to feel white? Race, Dutch Culture and Contested Identities“, *Ethnic and racial studies*, 31 (1) 2008, bls. 52–72.

²⁶ Sama rit.

²⁷ Kimberlé Williams Crenshaw, „Intersectionality and Identity Politics: Learning from Violence against Women of Color“, *Reconstructing Political Theory: Feminist Perspectives*, ritstj. Mary Lyndon Shanley og Uma Narayan, University Park, PA: Pennsylvania State University Press, 1994, bls. 178–193.

²⁸ Kristín Loftsdóttir, „Endurútgáfa Negrastrákanna: Söguleg sérstaða Íslands, þjóðernishyggja og kynþáttafordómar“, *Ritið*, 13 (1) 2013, bls. 101–124.

öðlast fullt sjálfstæði. Eins og Ólafur Rastrick hefur fjallað um í greiningu sinni á menningarpólítík á Íslandi í byrjun tuttugustu aldar, lögðu íslensk stjórnvöld mikla áherslu á að hlúa að listum til að stuðla að auknum þroska einstaklinga og endurreisa íslenska menningu í takt við aðrar evrópskar menningaþjóðir.²⁹ Það að vera Íslendingur var þannig ekki skilið út frá einfaldri tvíhyggju, andstæðunum svartur og hvítur, heldur mun frekar út frá flókinni tilraun til að staðsetja Ísland innan hugmynda um þróað, siðmenntað samfélag þar sem „hvítur“ var einn af þeim þáttum sem hægt var að nota til að draga enn skýrar fram tengslin við aðrar Evrópuþjóðir og gera lítið úr sögu Íslands sem nýlendu.³⁰ Portúgal er, rétt eins og Ísland, lítið Evrópuland, en þar hafa hugmyndir um kynþætti og kynþáttafordómar mótast í tengslum við fyrri stöðu Portúgals sem heimsveldis sem er augljóslega allt öðruvísi en saga Íslands, þrátt fyrir að menntamenn þar hafi einnig tekið upp sömu kynþáttaflokkarnir og íslenskir menntamenn. Eins og Elsa Paralta og Simone Frangella benda á einkennist samtíma umræða í Portúgal um sögu landsins sem fyrverandi heimsveldis af stolti þar sem lögð er áhersla á sérstöðu Portúgals sem nýlenduveldis vegna þess að blöndun kynþátta og nánin tengsl á milli nýlenduherra og viðföng hafi einkennt nýlenduáherslur þeirra. Raunveruleikinn er engu að síður sá að miklir kynþáttafordómar og ofbeldi einkenna einnig þessa sögu.³¹

Textar hafa þann eiginleika að ferðast í tíma og rúmi og hugmyndir sprötnar úr einu samfélagslegu samhengi á ákveðnum tíma verða því hluti af félagslegu umhverfi einstaklinga. Þetta þýðir að við verðum að leggja áherslu á sértæk einkenni kynþáttahyggju sem ég ræddi um fyrr og skoða samhliða hvernig hún felur einnig í sér þrástef sem eru keimlík á milli ólíkra menninga, en slíkt er langt frá því að vera einfalt. Miðlar dreifa þannig hugmyndum sem sprötnar eru úr sérstökum sögulegum aðstæð-

²⁹ Ólafur Rastrick, *Háborgin: Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2013.

³⁰ Kristín Loftsdóttir, „Belonging and the Icelandic Others: Situating Icelandic Identity in a Postcolonial Context“, *Whiteness and Postcolonialism in the Nordic Countries*, ritstj. Kristín Loftsdóttir og Lars Jensen, Farnham: Ashgate, 2012, bls. 57–72.

³¹ Elsa Paralta og Simone Frangella, „Portugal and the Empire: Discourse and Practice on Race and Gender“, *Teaching “Race” with a Gendered Edge*, ritstj. Brigitte Hipfl og Kristín Loftsdóttir, Utrecht og Budapest: Atgender og Central European Press, 2011, bls. 97–110.

um inn í ólíkt menningarlegt og félagslegt samhengi. Arjun Appadurai³² bendir til dæmis á að minningar í samtímanum eru oft minningar annarra einstaklinga eða hópa en ákveðin túlkun þeirra verður algild í gegnum afþreyingarefni af ýmsum toga. Jessie Daniels³³ beinir athygli að mikilvægi þess að auka rannsóknir á kynþáttafordómum sem koma fram á alnetinu því í raun megi líta á alnetið sem pólitískan vettvang þar sem barist er um að skilgreina kynþáttafordóma og hvernig túlka eigi fortíðina. Slíkar umræður og vefsíður eru lesnar og túlkaðar af ólíku fólki sem býr víða í heiminum. Gott dæmi um það eru Wikipedia-síður þar sem samtök hvítra öfgasinna reyna markvisst að breyta upplýsingum, til dæmis um Martin Luther King, eitt helsta tákn Bandaríkjanna fyrir baráttu borgaralegra réttinda svartra.³⁴ Eins og Gavan Titley³⁵ bendir á má sjá aukna áherslu á rannsóknir á hatursumræðu á netinu í tengslum við uppgang öfga-hægri afla en mun minna er skoðað hvernig kynþáttafordómar birtast í öðru samhengi í netmiðlum.³⁶ Það er mikilvægt að skoða betur hvernig hugtakið kynþáttur fær inntak í samtíma okkar í gegnum margskonar miðla og jafnframt hvernig kynþáttafordómar geta endurspeglast í hversdagslegum umræðum hópa sem kenna sig ekki við hatursorðræðu

Kynþáttafordómar á Íslandi

Vaxandi fjöldi fólks af erlendum uppruna á Íslandi hefur kallað á aukna umræðu um svokallað fjölmennningarlegt samfélag á Íslandi og ólíkar birtingarmyndir þess. Ísland hefur verið í virkum tengslum við umheiminn í langan tíma og verið í gegnum aldir hluti af margvíslegum þverþjóðlegum tengslum³⁷ Hugmyndir um kynþáttaflokkarnir sem voru algengar víða í Evrópu undir lok 19. og í upphafi 20. aldar voru teknar upp af íslenskum

³² Arjun Appadurai, *Modernity at large: Cultural dimensions of globalization*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1996.

³³ Jessie Daniels, „Race and racism in Internet studies: A review and critique“, *New Media & Society*, 15 (5) 2013, bls. 695–719.

³⁴ Sama rit, bls. 704.

³⁵ Gavan Titley, „No apologies for cross-posting: European trans-media space and the digital circuitries of racism“, *Crossings: Journal of Migration and Culture*, 5 (1) 2014, bls. 41–55.

³⁶ Sama rit, bls. 46.

³⁷ Unnur Dís Skaptadóttir, „The Context of Polish Immigration and Integration in Iceland“, *Integration or Assimilation: Polish Immigrants in Iceland*, ritstj. Malgorzata Budyta-Budznska, Varsjá: Wydawnictwo Naukowe Scholar, 2011, bls. 18–28.

höfundum en námsbækur frá þessum tíma sýna hversu viðurkennd þessi þekking var á þeim tíma.³⁸ Í rannsókn á námsbókum grunnskólabarna útgefnum frá lokum 19. aldar til ársins 2000 kemur fram að þrátt fyrir að minna sé um gildishlaðnar staðhæfingar tengdar beint við flokkun fólks í kynþætti, í nýrri bókum en hinum eldri, er gert ráð fyrir að kynþættir séu sjálfsgöð leið til að hugsa um fjölbreytileika og ekki sett spurningarmerki við flokkunina sem slíka.³⁹ Rétt eins og ljósritið sem sonur minn fékk til að æfa lesskilning og fjallað er um hér í upphafi, er í námsbókum gjarnan sett sama-sem-merki á milli vanþróunar og samfélaga sem eru ekki vestræn og lögð áhersla á siðferðilegt hlutverk Vesturlandabúa til þess að „bjarga“ öðrum. Slík nálgun einfaldar gróflega söguleg tengsl ólíkra heimshluta. Þetta hefur þó breyst að einhverju leyti í námsbókum sem komið hafa út eftir árið 2000 en í mörgum þeirra er reynt að leggja áherslu á fjölþættan uppruna Íslendinga.⁴⁰ Ímyndir námsbóka eru augljóslega bara einn þáttur af því hvernig einstaklingar læra að líta á sig sem hluta af ákveðnum kynþætti, sem stendur í samræðum við aðrar orðræður, til dæmis um þróunarmál og fjölmiðlaumræðu. Þrátt fyrir að kynþáttafordómar samtímans séu mun flóknari en svo að þeir snúist aðeins um gamlar flokkanir á fólki í staðlaða kynþætti má velta fyrir sér hver séu áhrif þessarar gagnrýnislausu umræðu á hugmyndir um fjölbreytileika almennt. Hvernig mótast eldri kynþáttahyggja, og þá sérstaklega hugmyndir um hvítleika, nýrri hugmyndir um mun á milli fólks vegna menningar og trúarbragða?

Jafnframt hafa alltaf átt sér stað fólksflutningar til og frá landinu.⁴¹ Töluverð breyting átti sér þó stað frá árinu 1996 samfara auknum efnahagslegum uppgangi þar sem margir komu til Íslands í atvinnuleit. Fjöldi fólks af erlendum uppruna fór á stuttum tíma frá því að vera undir 2% árið 1996

³⁸ Kristín Loftsdóttir, „Encountering Others in the Icelandic Schoolbooks: Images of Imperialism and Racial Diversity in the 19th Century“, *Opening the Mind or Drawing Boundaries? History Texts in Nordic Schools*, ritstj. Þorsteinn Helgason og Simone Lässig, Göttingen: Vandenhoeck and Ruprecht UniPress, 2010, bls. 81–105.

³⁹ Kristín Loftsdóttir, „Learning Differences: Nationalism, Identity and Africa in Icelandic Schoolbooks“, *International schulbuchforschung* 29 (1) 2007, bls. 5–22.

⁴⁰ Kristín Loftsdóttir, „Encountering Others in the Icelandic Schoolbooks: Images of Imperialism and Racial Diversity in the 19th Century“, *Opening the Mind or Drawing Boundaries? History Texts in Nordic Schools*, ritstj. Þorsteinn Helgason og Simone Lässig, Göttingen: Vandenhoeck and Ruprecht UniPress, 2010, bls. 81–105.

⁴¹ Ólöf Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason, „Áhrif efnahagsþrenginga á fólksflutninga til og frá landinu“, *Þjóðarspejillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 205–215.

í næstum 10% árið 2008. Fyrir 1996 áttu 95% íslenskra ríkisborgara foreldra sem voru íslenskir og komu flestir innflytjenda frá Norðurlöndunum, Þýskalandi, Bretlandi eða Norður-Ameríku.⁴² Atvinnutækifæri voru helsta ástæða búferlaflutninga á nýrri öld, þrátt fyrir að nám og fjölskyldusamning hafi einnig verið mikilvæg,⁴³ en jafnframt jókst ættleiðing barna erlendis frá á svipuðum tíma.⁴⁴ Unnur Dís Skaptadóttir bendir á að líttill áhugi stjórnvalda á að skapa samræmda stefnu í málefnum innflytjenda á þessu tímabili endurspeglar hvernig fyrst og fremst var lítið á þennan hóp sem vinnuafli en ekki virka þátttakendur í íslensku samfélagi.⁴⁵ Umræða um innflytjendur og fjölmennningarlegt samfélag á Íslandi jókst verulega í tengslum við efnahagsuppgang en snerist oft um einfaldar spurningar eins og hvort fjölmennning væri slæm eða góð fyrir Ísland.⁴⁶ Eins og fram kemur í skýrslu Unnar Dísar Skaptadóttur, Önnu Wojtynska og Helgu Ólafsdóttur⁴⁷ dró verulega úr fjölmiðlaumræða um innflytjendur eftir íslenska efnahagshrunið árið 2008.⁴⁸

Hópurinn sem hingað flytur samanstandur augljóslega af ólíkum einstaklingum með fjölbreytt markmið og bakgrunn.⁴⁹ Hér á landi eru þessir einstaklingar flokkaðir sem innflytjendur eða útlendirar. Á tímum efnahagsuppgangs varð táknmynd „útlendingins“ að stórum hluta fólk af austur-evrópskum uppruna sem vann oft við lágláunastörf í samfélaginu.

⁴² Hagstofa Íslands, „Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008“, *Hagtiðindi*, 9 (4) 2009, bls. 1–24, sótt 1. september 2013 af www.static.is; Ólöf Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason, „Áhrif efnahagsþrenginga á fólksflutninga til og frá landinu“, bls. 205–215.

⁴³ Unnur Dís Skaptadóttir, „Integration and transnational practices of Filipinos in Iceland“, *Emigrant*, 5 2010, bls. 36–45, hér bls. 38.

⁴⁴ Íslensk ættleiðing, „Skiptir fjöldi ættleiðingalanda höfuðmáli?“, *Íslensk ættleiðing*, 14. febrúar 2007, sótt 28. mars 2007 af www.isadopt.is.

⁴⁵ Unnur Dís Skaptadóttir, „The Context of Polish Immigration and Integration in Iceland“, hér bls. 26.

⁴⁶ Kristín Erla Harðardóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, „Innflytjendur: Viðurkenning og virðing í íslensku samhengi“, *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007, bls. 449–459.

⁴⁷ Anna Wojtynska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs, *Report from the Research Project: The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession* (Óútgefin skýrsla), Reykjavík: University of Iceland, 2011.

⁴⁸ Sama rit, bls. 59.

⁴⁹ Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska, „Líf á tveimur stöðum: Vinna eða heimili: reynsla fólks sem hefur komið til starfa á Íslandi“, *Ritið*, 7 (2–3), 2007, bls. 79–93, hér bls. 92.

Stærsti hópur innflytjenda eru Pólverjar sem voru 43% allra útlendinga á Íslandi árið 2011 en Litháar eru næststærsti hópurinn eða 8% allra útlendinga.⁵⁰ Frá 2006 mátti sjá mjög neikvæða umræðu í dagblöðum um útlendinga á Íslandi þar sem Pólverjar og Litháar voru tengdir við skipulögð glæpasamtök.⁵¹ Í grein í *Morgunblaðinu* frá 2007 er til dæmis talað um þjófagengi sem samanstandi af útlendingum sem komi sérstaklega til Íslands og nágrannalandanna til að stela og er sérstaklega minnst á Litháa í þessu samhengi.⁵² Þó endurspeglar rýnihóparannsókn sem framkvæmd var í þremur byggðarlögum einnig að innflytjendum var á ákveðnum stöðum fagnað af heimafólki og áhugi var á aukinni þátttöku þeirra í samfélaginu.⁵³ Í könnun Unnar Dísar, Önnu og Helgu⁵⁴ kemur fram að stór hluti atvinnuleitenda með erlent ríkisfang, eða 53%, telji að fordómar hafi aukist í kjölfar efnahagshrunsins.⁵⁵ Þó er áhugavert að fólk frá Litháen sker sig þar úr en eingöngu 2% eru sammála því.⁵⁶ Aðrar rannsóknir gefa ekki til kynna að fordómar hafi breyst mikið.⁵⁷

Fordómar í garð Pólverja og Litháa snúast um tengingu þessara hópa við neikvæðar staðalmyndir þar sem lögð er áhersla á glæpi og sundrunu, frekar en kynþætti í gamalli merkingu þess orðs. Hlutgervingin byggir á staðsetningu þeirra innan hópsins „útlendingur“ sem á tímum útrásar hafði að einhverju marki stéttarlega skírskotun. Hún byggir einnig á yfirfærslu orðanna Pólverji, Lithái og Austur-Evrópubúi á skipulagða glæpastarf-

⁵⁰ Anna Wojtyńska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs, *Report from the Research Project: The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession*, bls. 8.

⁵¹ Helga Ólafs og Malgorzata Zielinska, „I started to feel worse when I understood more’ – Polish immigrants and the Icelandic media“, *Þjóðarspejillinn XI: Rannsóknir í félagsvísindum*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannsson og Helga Björnsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, 2010, bls. 76–85.

⁵² Rúnar Pálmason, „Aukvisar eru þeir ekki: Útlendum stórþjófum verði vísað burt“, *Morgunblaðið*, 5. október 2007, sótt af <http://www.mbl.is>.

⁵³ Kristín Erla Harðardóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, „Innflytjendur: Viðurkenning og virðing í íslensku samhengi“.

⁵⁴ Anna Wojtyńska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs, *Report from the Research Project: The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession*.

⁵⁵ Sama rit, bls. 42.

⁵⁶ Sami staður.

⁵⁷ Anna Wojtyńska og Malgorzata Zielinska, „Polish migrants in Iceland facing the financial crisis“, *Rannsóknir í Félagsvísindum XI*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 1–11, hér bls. 8.

semi. Í viðtölum mínum við Litháa á Íslandi komu þessar tengingar skýrt fram. Viktoría, sem hefur búið á Íslandi í rétt rúmlega 10 ár, segir að það eina sem Íslendingar viti um Litháen sé að þar eru „glæpamenn, og [...] [maður] verður að passa sig og allt skítugt og bara allt svona dökkt“. Þegar ég spurði Gretu, 35 ára konu sem hefur búið á Íslandi í 11 ár, hvernig hún myndi lýsa viðhorfum Íslendinga til Litháa svarar hún stutt og laggott með setningunni: „Helvítis útlendingurinn.“ Biruté segir að Íslendingum líki ekki við þá sem koma frá útlöndum og hún endurtekur orð þeirra eins og þeim væri beint að henni: „Við erum ekki hrifin af veru þinn hér því þú ert að stela, þú ert ekki að vinna, þú átt fjölskyldu og ég veit ekki hvað.“ Hún bætir við: „Kannski eru margir frá útlöndum ekki að vinna hérna en ég á ... allir mínir vinir eru að vinna.“ Athygli vekur að flestir þeir sem talað var við frá Lettlandi virtust ekki upplifa jafn mikla fordóma og þeir sem áttu uppruna sinn að rekja til Litháen. Það endurspeglar hvernig fólk frá austur-evrópskum löndum hefur ekki allt verið sett í sama bás og að þar sé um ákveðið stigveldi að ræða þar sem stærstu hóparnir frá Póllandi og Litháen virðast hafa verið líklegri en aðrir hópar frá Austur-Evrópu að mæta neikvæðum og fordómafullum viðhorfum.⁵⁸

Neikvæðar umræður um múslima hafa jafnframt verið sýnilegar á Íslandi síðastliðin ár og þar má einnig sjá menningarleg rök í forgrunni, þrátt fyrir að þau birtist á annan hátt en í umræðunni um Litháa og Pólverja. Sjá má áherslu á vestræn gildi sem þurfi að vernda gegn „fjölmenningu“ og „múslimum“.⁵⁹ Fordómar í garð múslima eiga sér langa sögu í Evrópu en jukust eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum árið 2001 og eru gjarnan í Evrópu, eins og á Íslandi, samtengdir umræðu um „vandamál“ fjölmenningarlegs samfélags.⁶⁰ Þessi áhersla er oft kynjuð þar sem múslimakonur birtast gjarnan í umræðunni sem varnarlausar og karlmenn sem ofbeldisfullir hryðjuverkamenn.⁶¹ Úttekt Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar á hatursumræðu í ummælakerfum netfréttamiðla á

⁵⁸ Viðtöl tekin í tengslum við verkefnið Íslensk sjálfsmynd í kreppu.

⁵⁹ Kristín Loftsdóttir, „Hlutgerving íslenskrar menningar: Samfélagsleg umræða um grunnskólalögin, trúarbrögð og fjölmenningarlegt samfélag“, *Skírnir*, 185 (haust) 2011, bls. 87–104.

⁶⁰ Javaid Rehman, „Islam, ‘War on Terror’ and the Future of Muslim Minorities in the United Kingdom: Dilemmas of Multiculturalism in the Aftermath of the London Bombings“, *Human Rights Quarterly*, 29 (4) 2007, bls. 831–878.

⁶¹ Lila Abu-Lughod, „Do Muslim women really need saving? Anthropological reflections on cultural relativism and its Others“, *American Anthropologist*, 104 (3) 2002, bls. 783–790.

Íslandi árið 2014 gefur til kynna að algengast sé að fordómafull ummæli séu sett fram í garð múslima,⁶² sem sýnir að slíkt er líklega talið ásættanlegt að einhverju leyti og ekki talið fela í sér fordóma. Hér þarf að minna á að múslimar á Íslandi eru mjög lítill minnihlutahópur sem þyrfti trúlega frekar á valdeflingu að halda en nokkuð annað. Umræður um íslam á Íslandi snúast einnig oft um eitthvað sem gæti mögulega gerst í stað þess að snúast í raun um sjálfa múslimana á Íslandi. Þannig verða „íslam“ og „múslimi“ eins yfirhugtök sem ná yfir hugmyndir og heimsmynd múslima alls staðar í heiminum. Þó má sjá undantekningar á þessu eins og kemur skýrlega fram í úttekt Mannréttindaskrifstofu þar sem ákveðnir íslenskir múslimar þurfa að þola hatursfull ummæli.⁶³ Ummæli oddvita Framsóknarmanna í Reykjavík í undanfara sveitarstjórnarkosninganna árið 2014, þar sem oddvitinn tjáði þá skoðun sína að ekki ætti að úthluta lóð til múslima til byggingar mosku, virtust opna á mjög hatursfulla umræðu í garð múslima eins og bent er á í skýrslu Mannréttindaskrifstofu.⁶⁴ Í skýrslunni er þó einnig bent á að ýmis ummæli eru sett fram af sömu einstaklingum.⁶⁵ Telja margir að ummæli oddvitans hafi þó hjálpað til við að þrýsta fylgi Framsóknarflokksins upp á lokaspretti kosningabaráttunnar.⁶⁶ Þó mátti sjá í framhaldinu að einstaklingar, bæði í Framsóknarflokki og öðrum flokkum, svo sem Sjálfstæðisflokki, gagnrýndu ummælin sem gefur til kynna að slík viðhorf hafi samt sem áður ekki verið viðurkennd sem ásættanleg í íslensku samfélagi.⁶⁷ Það að viðkomandi einstaklingur skyldi einnig seinna

⁶² Bjarney Friðriksdóttir, Greining: Hatursorðræða í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla, Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, 12. ágúst 2014, bls. 24.

⁶³ Sama rit, bls. 17.

⁶⁴ Sama rit, bls. 18.

⁶⁵ Sami staður.

⁶⁶ Kristján Guðjónsson, „Könnun MMR: Mosku málið kemur Sveinbjörgu inn í borgarstjórn“, *DV*, 28. maí 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.dv.is>; Jakob Bjarnar, „Moskuandstæðingar lýsa yfir stuðningi við Framsóknarflokkinn“, *Vísir*, 3. júní 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is>.

⁶⁷ Jón Júlíus Karlsson, „Átti ekki von á þessu frá Framsóknarflokknum“, *Vísir*, 26. maí 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is/-atti-ekki-von-a-thessu-fra-framsoknarflokknum-/article/2014140529126>; Kjartan Atli Kjartansson, „Ég túlka þögn forystunnar þannig að ég eigi að fá að sigla þessu skipi í höfn“, *Vísir*, 27. maí 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is>; Kjartan Atli Kjartansson, „Jafnréttisráðstefna Nordisk Forum: Ræddi hatursorðræðu í Svíþjóð“, *Vísir*, 13. júní 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is>; Nanna Elísa Jakobsdóttir, „Ómar segir sig úr Framsókn: „Flokkurinn þarf að gera miklu hreinna fyrir sínum dyrum“, *Vísir*, 22. júní 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is>; Kjartan

reyna að skilja sig frá ummælunum á þeim forsendum að þetta hefði verið útrúsnúningur blaðamanna sýnir einnig að illa gengur að fjarlægja slík ummæli fyllilega frá kynþáttafordómum.⁶⁸

Í umræðu um múslima erlendis má sjá hvernig svokallaðir talsmenn eða boðberar fjölmennningar eru harðlega gagnrýndir. Þetta kemur til að mynda fram í bókinni *Íslamistar og naívistar* eftir Danina Karen Jespersen og Ralf Pittelkow sem gefin var út hér á landi árið 2007 en þar er lögð sérstök áhersla á „fylgjendur“ fjölmenningarlegs samfélags. Slík umræða endurspeglar hversu villandi hugtakið getur verið því oft er það notað eins og um sé að ræða umdeilanlega afstöðu fólks rétt eins og fjölbreytileiki sé nýtt fyrirbæri á Vesturlöndum og Evrópu og hægt sé að vera með honum eða á móti. Umræðan lítur þannig fram hjá sögulegum hreyfanleika fólks á milli ólíkra hluta heimsins og jafnframt fjölbreytni innan sjálftrar Evrópu í gegnum aldir.⁶⁹ Samhliða verður nýlendu- og heimsvaldastefna ósýnileg sem mikilvægur þáttur í hreyfanleika síðastliðin árhundruð og sem mótunarvaldur í lífsaðstæðum fólks utan Evrópu.⁷⁰

Hvað eru kynþáttafordómar á Íslandi?

Endurútgáfa bókarinnar *Negrastrákarnir* árið 2007 hratt af stað einni stærstu almennu umræðu um kynþáttafordóma sem farið hefur fram á Íslandi. Ein af undirliggjandi spurningum þeirrar umræðu var spurningin um það hvað telst vera kynþáttafordómar í íslensku samhengi. Áhugavert er að bera þá umræðu saman við fordóma í garð annarra hópa útlendinga á Íslandi sem gefa til kynna að flokkun í „nýja“ og „gamla“ fordóma nær ekki fyllilega yfir reynslu fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Ég hef

Atli Kjartansson, „Varþingmaður Framsóknar hættir vegna moskumálsins“, *Vísir*, 17. júlí 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is>.

⁶⁸ Jón Júlíus Karlsson, „Við erum ekki rasistar“, *Vísir*, 24. maí 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is>; Jóhann Kristjánsson, „Segir orð sín rangtálkuð í moskumálinu“, *Útvarp Saga*, 25. maí 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.utvarpsaga.is>; Kjartan Atli Kjartansson, „Sveinbjörg Birna um andstæðinga múslima: „Þeir veðjuðu á rangan hest“, *Vísir*, 18. júní 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://www.visir.is>; „Sveinbjörg sér eftir ummælum sínum: Andstæðingar múslima veðjuðu á rangan hest“, *Eyjan*, 18. júní 2014, sótt 4. desember 2014 af: <http://eyjan.pressan.is>.

⁶⁹ Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, „Images of Iceland“ bls. 205–216.

⁷⁰ Sandra Ponzanesi, „Diasporic Subjects and Migration“, *Thinking Differently: A Reader in European Women's Studies*, ritstj. Gabriele Griffin og Rosi Braidotti, London: Zed Books, 2002, bls. 205–220.

rætt ítarlega um bókina annars staðar⁷¹ og mun því eingöngu minnst á hana hér út frá hvernig deilurnar endurspeglar „gamla“ kynþáttafordóma og hvað þær segja þannig almennt um kynþáttafordóma á Íslandi. Bókin var upphaflega gefin út á Íslandi árið 1922 og þá sem endurgerð bandarískrar vísu frá miðri 19. öld. Barnagælan hefur verið þýdd á fjöldamörg tungumál og gefin út hvað eftir annað í ólíku samhengi. Þrátt fyrir að líta megi á íslensku endurútgáfu bókarinnar sem hluta af hnattrænni dreifingu kynþáttafordóma, sem sprotnir eru úr umhverfi gifurlegra mannréttindabrota, var í almennri umræðu oft vísað til bókarinnar sem séríslensks fyrirbæris, sérstaklega vegna þess að hún er gömul barnabók og er myndskreytt af listamanninum Guðmundi Thorsteinssyni (Muggi). Áherslan sem lögð var á bókina sem gamla íslenska barnabók staðsetur hana sem bæði hluta af minningum og sögu þjóðarinnar og einnig sem hluta af minningum einstaklinga.⁷²

Endurútgáfa bókarinnar var fljótlega gagnrýnd, meðal annars á þeim forsendum að hún ætti ekki heima í fjölmenningarlegu samfélagi samtímans. Þeir sem vörðu endurútgáfuna töldu ekki að í bókinni væri að finna kynþáttafordóma og vísuðu til jákvæðra bernskuminninga tengdra bókinni. Þannig tengdist bókin, eins og fyrr segir, tilfinningum fólks á mjög persónulegan hátt sem hluti af æskuminningum þess. Þó voru sumir sem endurskoðuðu þessar góðu bernskuminningar við endurútgáfu bókarinnar eins og sést á orðum einnar konu í rýnihópaviðtali: „Ég reyndar verð að viðurkenna, ég skammaðist mín pínulítið sko þegar ég herna ... þegar ég fór að lesa hana aftur ... Maður hálfskammast sín þegar maður sér svo, sko sem fullorðin manneskja, hversu hlaðið fordómum þetta er.“⁷³ Í slíkri sýn birtist gagnrýnin endurskoðun á fortíðinni þar sem viðkomandi undrast að myndir sem endurspegluðu kynþáttafordóma skyldu hafa þótt eðlilegar.

Raddir þeirra sem vörðu endurútgáfuna virtust einnig byggja á hugmyndum norrænu undantekningarinnar þar sem talið var að hér áður fyrr hefðu ekki verið kynþáttafordómar á Íslandi og þannig varði fólk ákveðnar tilfinningar tengdar æskunni og ákveðna sýn á íslenska fortíð. Minna má á að myndskreytingar Muggs í bókinni eru ólíkar teikningum hans í *Dimmalímm*, annarri barnabók sem hann myndskreytti.

⁷¹ Kristín Loftsdóttir, „Endurútgáfa Negrastrákanna: Söguleg sérstaða Íslands, þjóðernishyggja og kynþáttafordómar“, bls. 101–124.

⁷² Sama rit.

⁷³ Rýnihópur 3, viðtöl tekin í tengslum við endurútgáfu bókarinnar Negrastrákarnir.

Negrastrákamyndirnar passa hins vegar vel inn í dæmigerðar skopmyndir af svörtum Bandaríkjamönnum frá lokum níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Í íslenskum textum frá svipuðum tíma svo sem ljóðum⁷⁴ og tímaritum⁷⁵ má sjá hvernig hugmyndin um „svertingjann“ hafði ákveðið inntak sem tilvísun til öðruvísi manneskju (ósiðmenntaðrar villimannslegrar en þó fyrst og fremst svartrar manneskju). Muggur dvaldist í stuttan tíma í New York árið áður en hann teiknaði myndirnar og hefur að öllum líkindum séð bandarískar skopmyndir af svörtu fólki þar.⁷⁶

Viðtöl við einstaklinga af afrískum uppruna sem hafa búið hér á landi um lengri eða skemmri tíma endurspeglar reynslu þeirra af því að ákveðnir kynþáttafordómar þykja almennt ásætlanlegir á Íslandi, þá sérstaklega að kalla fólk niðrandi nöfnum, ýmist í gríni eða í venjulegum samræðum. Umræður á bloggsíðum í tengslum við endurútgáfu Negrastrákanna endurspeglar jafnvel enn betur ónæmi margra fyrir því að hugtök eins og „negri“ og „niggari“ eru samofin sögu kynþáttafordóma. Tilvísun til þessara einstaklinga sem hluti af ákveðnum kynþætti er þannig stór hluti af daglegri reynslu þeirra. Flestir viðmælenda minna voru undrandi og jafnvel hneykslaðir á því hvernig talað var við þá og þá sérstaklega upplifun þeirra á að vera kallaðir nöfnum eins og negri og niggari. Almenn upplifun þeirra af því að búa á Íslandi var þó jákvæð og viðmælendur mínir töldu sig almennt að öðru leyti ekki verða fyrir miklum kynþáttafordómum. Hér þarf þó að hafa í huga að allir þessir einstaklingar höfðu reynslu af því að búa í öðru Evrópulandi eða Bandaríkjunum áður en þeir komu til Íslands og margir töluðu um að hafa þar fundið fyrir hatri í sinn garð.

Sumir viðmælendur mínir af afrískum uppruna töluðu um að stundum mætti heyra jákvæðar staðalmyndir og forvitni í samskiptunum. Jákvæðar staðalmyndir eiga sér þó oft ákveðnar rætur í eldri hugmyndum um fólk frá Afríku sem framandi og villimannslegt. Einn viðmælandi minn, sem unnið hefur fyrir samtök þar sem reynt er að spyrna fótum við fordómum í samfélaginu, talaði um að Íslendingar án innflytjendabakgrunns sem fá tækifæri til að vinna að sértækum verkefnum með innflytjendum óski oft

⁷⁴ Kristín Loftsdóttir, „Leifar nýlendutímans og kynþáttahyggju: Ljóð Davíðs Stefánssonar, Tómasar Guðmundssonar og deilur um skopmynd Sigmunds“ *Skírnið*, 184 (vor) bls. 121–144.

⁷⁵ Kristín Loftsdóttir, „Shades of Otherness: Representations of Africa in 19th-century Iceland“, *Social Anthropology*, 16 (2) 2008, bls. 172–186.

⁷⁶ Kristín Loftsdóttir, „Endurútgáfa Negrastrákanna: Söguleg sérstaða Íslands, þjóðernishyggja og kynþáttafordómar“, bls. 101–124.

sérstaklega eftir að vinna með fólki frá Afríku vegna þess að þeim finnist það „spennandi“. Aðrir hópar innflytjenda sem koma frá löndum nær Íslandi þykja ekki jafn áhugaverðir. Flestir viðmælenda minna af afrískum uppruna töluðu um að viðmót Íslendinga væri barnalegt og að það endurspegladi fáfræði. Einn viðmælandinn sagði að Íslendingar töluðu um svart fólk eins og börn á leikvelli myndu gera. Trúlega notaði hann orðið leikvöllur til að leggja áherslu á að fólk segði einfaldlega það sem því dytti í hug og án þess að hugsa um hvað fælist í orðum þess. Á svipaðan hátt talaði einn viðmælandi um „óupplýst blaður“. Þessi áhersla viðmælenda af afrískum uppruna hefur áhugaverðan samhljóm við kröfur Íslendinga sjálfra um sakleysi í tengslum við Negrastrákabókina – en í augum þeirra sem koma frá útlöndum er þessi orðnotkun talin sýna fávísku og þekkingarleysi.

Telja má vafasamt að Íslendingar, með sitt góða aðgengi að bandarísku og bresku sjónvarpsefni af ýmsu tagi, kannist ekki við umræður um hugtakanotkun tengda kynþáttafordómum og við kynþáttafordóma almennt. Þá má spyrja af hverju slík tákni, þá ýmist orð eða hegðun og hvort sem þau tengjast Negrastrákabókinni eða hversdagslegri hugtakanotkun, séu talin eðlileg og að einhverju leyti ekki tengd við kynþáttafordóma í íslensku samhengi. Hér má velta fyrir sér hvort hugmyndir um staðsetningu Íslands utan við nýlenduverkefnið sé einn lykiltáttur í því að staðsetja kynþáttafordóma sem eitthvað sem tilheyrði ekki Íslandi. Í viðtölum mínum og blogg færslum á netinu sést að notkun niðrandi hugtaka (svo sem negri) þykja í lagi vegna þess að á Íslandi þýði þau eitthvað annað og voru því *hér* aldrei til marks um kynþáttafordóma. Jafnvel þeir sem gagnrýndu Negrastrákabókina og endurútgáfu hennar 2007 tengdu bókina oftast við kynþáttafordóma erlendis eða fjölmenningarlegt samfélag samtímans. Slíkar umræður hafa einnig átt sér stað á hinum Norðurlöndunum. Hér má greina gleymsku á því að kynþáttafordómar hafa lengi verið hluti af íslenskri umræðu og ímyndum. Áhersla á fortíðina og einangrun landsins stendur vörð um sakleysi lands og þjóðar hvað varðar nýlendukapphlaupið og mannréttindabrot tengd því. Samhliða blandaðist umræða um birtingarmyndir kynþátta í bókinni ákveðinni túlkun á íslenskri fortíð sem fólki fannst það líklega standa vörð um með því að verja endurútgáfuna.

Aðrar samfélagslegar upptökur sem sýna kynþáttafordóma hafa tekið ólíka stefnu og þar hafa oft takmarkaðar deilur komið fram um hvort um er að ræða kynþáttafordóma eða ekki. Hér má sérstaklega nefna upptöku íslenskrar stúlku af asískum uppruna á svírðingum manns í Smáralind í

sinn garð og annarra ungmenna í desember árið 2012. Maðurinn veittist að ungmennunum og hrópaði að þeim grófar svírðingar, án nokkurrar forsögu. Samkvæmt frétt DV um málið 5. desember sagði maðurinn meðal annars að ungmennin hefðu komið með svínaflensuna til landsins og kallaði þau Kínverja ásamt því að hóta slagsmálum.⁷⁷ Í þessu tilfalli var almennt ekki sett spurningarmerki opinberlega við það hvort hér væri um að ræða kynþáttafordóma eða ekki, heldur var hegðun mannsins harðlega fordæmd af flestum og skýrð sem kynþáttafordómar sem ættu ekki að líðast í íslensku samfélagi. Talað var um að maðurinn væri líklega „ekki í lagi“; hann væri „vanheill“ eða sjúkur á einhvern hátt. Þrátt fyrir að slík fordæming kynþáttafordóma sé mikilvæg, má einnig velta fyrir sér hvort hluti af henni sé jafnframt að halda í þá hugmynd að á Íslandi séu ekki kynþáttafordómar. Kynþáttafordómum er þarna stíllt upp sem athöfnum eða hugmyndum einstaklinga en því er ekki velt upp að hvaða leyti þeir endurspeglu fordóma í íslensku samfélagi. Mótmæli gegn kynþáttafordómum einstaklinga, sem um leið eru skilgreindir sem óeðlilegir á einn eða annan hátt, ógna þannig ekki þeirri hugmynd að Ísland sé í raun og veru aðskilið frá voðaverkum fortíðar heldur styður þá hugmynd að kynþáttahyggja sé eitthvað útlent sem þurfi að berjast gegn. Að sumu leyti má líta á slíkar fordæmingar á kynþáttafordómum einstaklinga sem „rituálískar“ að því leyti að þær eru viðleitni til að endurskapa ráðandi sýn og samfélagsgerð. Þó mátti í einstaka athugasemdum sjá fólk velta fyrir sér hinu stærra samhengi. Þannig segir einn maður í athugasemd við DV-fréttina að þessi hegðun sé ekki dæmigerð fyrir daglegt líf og skrifar jafnframt: „Nú er þriðja kynslóð innflytjenda á leiðinni og við þurfum virkilega að gera hreint fyrir okkar dyrum. Viðhorfin hér eru brengluð til innflytjendamála [...]“⁷⁸

Margir þeirra Íslendinga sem ég tók viðtöl við í tengslum við endurútgáfu *Negrastrákanna* minntust á fordóma í garð fólks frá Póllandi og öðrum Austur-Evrópulöndum og lögðu áherslu á mikilvægi þess að berjast gegn slíkum fordómum. Í einum rýnihóp, þar sem rætt var við fólk í tengslum við endurútgáfu *Negrastrákanna*, vildi einn viðmælandi til dæmis vekja sérstaka athygli á því „að fordómarnir snúi ekki síður gagnvart“

⁷⁷ Ásta Sigrún Magnúsdóttir, „Kynþáttafið í Smáralind: „Þið eruð öll sama draslið maður“, DV, 5. desember 2012, sótt 4. mars 2014 af: <http://www.dv.is>.

⁷⁸ Gunnar, 6. desember, 2012, athugasemd við fréttina Kynþáttafið í Smáralind: „Þið eruð öll sama draslið maður“.

Litháum og Pólverjum. Aðrir í rýnihópnum tóku undir þetta.⁷⁹ Sömu einstaklingar gerðu jafnframt oftast lítið úr fordómum í garð fólks af afrískum uppruna á Íslandi. Þetta gefur til kynna að fordómar gagnvart fólki frá Austur-Evrópu séu frekar viðurkenndir sem vandamál í íslensku samfélagi en fordómar í garð annarra hópa. Það má velta fyrir sér hvort á Íslandi sé að einhverju marki sterkari viðurkenning á „nýjum“ kynþáttafordómum í garð ákveðinna hópa í samfélaginu, frekar en á svokölluðum eldri fordómum sem beinast á yfirborðinu að litarhætti. Þannig ógnar umræða um nýja fordóma á Íslandi ekki þeirri sýn að Ísland eigi sér saklausa fortíð þar sem land og þjóð voru ótengd umheiminum og þannig nýlendustefnu og kynþáttafordómum. Í víðara evrópsku samhengi eru þó fordómar í garð fólks frá Austur-Evrópu alls ekki nýir af nálinni. Michał Buchowski⁸⁰ hefur bent á að lengi vel hefur verið lítið á Austur-Evrópubúa sem ósamrýmanlega Evrópu; lítið hefur verið á þá sem næstum evrópska en ekki fyllilega. Dider Fassin⁸¹ bendir á að í samtímanum sé oft talað um fólk frá Austur-Evrópu sem eina helstu ógn Evrópu, ásamt múslimum, hælisleitendum og flóttafólki. Á Íslandi virðast slíkir fordómar þó vera nýir af nálinni, eins og sjá má á umræðu Unnar Dísar Skaptadóttur frá árinu 2004 þar sem hún fjallar um reynslu þriggja innflytjenda (tveggja frá Austur-Evrópu). Hún bendir á að upplifun þeirra var sú að Íslendingar teldu þá vera vinnusama og iðna, sem var ólíkt reynslu þeirra annars staðar frá í Evrópu.⁸² Þessi jákvæða hugmynd um duglega útlandinga virðist þá að einhverju marki hafa vikið fyrir aukinni áherslu á neikvæðari þætti eins og sjá má í niðurstöðum Unnar síðar meir og vísað var til hér fyrr.

Kynþáttafordómar eru margslungið fyrirbæri sem þarf að skilja út frá hnattrænum og staðbundnum þáttum í sögulegu samhengi.⁸³

⁷⁹ Rýnihópur 3, viðtöl tekin í tengslum við endurútgáfu *Negrastrákabókarinnar*.

⁸⁰ Michał Buchowski, „From Exotic Other to Stigmatized Brother“. *Anthropological Quarterly*, 79 (3) 2006, bls. 463–482.

⁸¹ Dider Fassin, „Compassion and Repression: The Moral Economy of Immigration Policies in France“, *The Anthropology of Globalization*, ritstj. Jonathan Xavier India and Renato Rosaldo, Malden: Blackwell Publishing, 2008, bls. 212–234.

⁸² Unnur Dís Skaptadóttir, „Mobilities and Cultural Differences. Immigrants' experiences in Iceland“, *Topographies of Globalization: Politics, Culture, Language*, ritstj. Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir og Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2004, bls. 133–148, hér bls. 142.

⁸³ Kristín Loftsdóttir, „Skörun kynþáttafordóma og þjóðernishyggju: Fólk af afrískum uppruna á Íslandi“, *Þjóðarspegginn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII*, ritstj. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólaf, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, bls. 373–380.

Kynþáttafordómar geta fléttast saman við sýn fólks á sjálft sig í breiðu samhengi eins og vörnin fyrir endurútgáfu *Negrastrákanna* ber vott um. Þar verja einstaklingar kynþáttafordóma og ónæmi sitt fyrir tilfinningum þeirra sem verða fyrir kynþáttafordómum sem hluta af því að verja ákveðna sýn á fortíðina. Aukinn skilningur á nauðsyn þess að skoða tengingu kynþáttafordóma við aðra þætti sjálfsmyndar, svo sem hugmyndir um þjóðerni, hjálpar einnig til við að skilja af hverju einstaklingum sem myndu venjulega ekki ganga undir hatursumræðu finnst kynþáttafordómar ásættanlegir í ákveðnu samhengi. Það þarf að skoða vel hvaða útskýringar eru dregnar upp til að réttlæta fordóma í garð ákveðinna einstaklinga sem og hvernig ákveðnir hópar eru markaðir sem ósamrýmanlegir íslensku samfélagi. Slík nálgun getur hjálpað okkur að skilja betur hvernig einstaklingar geta tekið þátt í kynþáttafordómum í einu samhengi en fordæmt slíkt í öðru.⁸⁴

Það er nokkuð þversagnakennt að á meðan áherslan hjá sumum hópum í Bandaríkjunum og Evrópu er sú að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af kynþáttafordómum vegna þess að þeir séu ekki lengur til, eins og ég ræði um í upphafi, þá virðist í umræðum á Norðurlöndunum oft lítið svo á að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af kynþáttafordómum á Norðurlöndunum því þeir hafi aldrei verið til þar.

Lokaorð

Ég enda þar sem umræðan byrjaði, á heimaverkefni sonar míns en það er eitt lítið dæmi um hvernig kynþáttahyggja – sú hugsun að hægt sé að flokka fólk í kynþætti sem eru ólíkir að einhverju leyti – er hluti af samtíma okkar. Sú athöfn að svara spurningunum, sem snúast ekki endilega um flokkun í kynþætti en endurspeglar heimsmynd þar sem fólk skiptist í hvítt fólk og svart, felur í sér virkar samræður við textann og þá heimsmynd sem hann birtir. Sú heimsmynd dregur jafnframt dóm af þróunarhyggju í vestrænu samfélagi þar sem talað var um hvítt fólk sem boðbera framfara og betra lífs, sem óvirk viðföng í öðrum heimshlutum hlytu að fagna. Einmitt vegna þess að heimsmynd er undirliggjandi er hún áhrifamikil sem sjálfsögð og eðlileg.

Sumar orðræður, sem vísa beint eða óbeint til flokkunar fólks í kynþætti, eru skilgreindar sem fordómar á meðan aðrar eru ekki settar í slíkt

⁸⁴ Steve Garner, *Racisms: An introduction*, London: Sage, 2010.

samhengi. Þeir sem vörðu bókina *Negrastrákarnir* og margir þeirra sem gagnrýndu hana virtust einmitt oft eiga það sameiginlegt að líta á kynþætti sem slíka sem staðreynd. Einn leikskólakennari sagði einmitt við mig: „Bókin veitir gott tækifæri til þess að ræða um að það er til svart fólk og hvítt fólk.“ Svipaðar hugmyndir endurómuðu svo í öðrum viðtölum og greiningu á fjölmiðlaumræðu. Flokkunarkerfi kynþáttahyggju er margþætt og sveigjanlegt og það virðist því vera í fullu gildi og kannski tekst því einmitt að halda svona vel velli vegna þess að það skapar ekki bara „hina“ heldur líka tilfinningu fyrir sameiginlegu „okkur“ sem vísar ekki aðeins til litarháttar heldur er samofið öðrum hugmyndum sem verða merkingarbærar í samspili alþjóðlegra og staðbundinna þátta.

ÁGRIP

Útlendingar, negrastrákar og hryðjuverkamenn

Kynþáttafordómar í íslenskum samtíma

Greinin fjallar um birtingarmyndir kynþáttahyggju í íslenskum samtíma og leggur til að hugtakið „sakleysi“ geti hjálpað til við að skilja samtíma kynþáttafordóma á Íslandi, þar sem þeim er ekki algjörlega hafnað sem hluta af íslensku samfélagi en oft lítið á þá sem „útlenskt“ eða nýtt fyrirbæri. Greinin setur íslenskar hugmyndir í samhengi við þróun kynþáttafordóma í Bandaríkjunum og Evrópu og undirstrikar mikilvægi þess að draga fram kynþáttahyggju sem hugmyndafræði sem hefur hnattræna útbreiðslu en einnig sem sértækar birtingarmyndir sem mótast af menningarlegu og sögulegu samhengi. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að skoða hvað er lítið á sem kynþáttafordóma í samfélagslegri umræðu á Íslandi og hvernig umræðan byggir oft á afnaeitun á því að kynþáttafordómar hafi verið til í gegnum söguna á Íslandi.

Lykilord: Fjölmennning, kynþáttahyggja, kynþáttafordómar, hvítleiki, Evrópa

ABSTRACT

Foreigners, Niggers and Terrorists

Racism in Contemporary Iceland

The article focuses on racism in contemporary Iceland, suggesting that the concept “innocence” can analytically be useful, where racism is by most people not completely rejected as a component of Icelandic society but more seen as a foreign or a new element. Contextualizing Iceland within the USA and Europe, the article emphasizes the need to recognize the global characteristics of racism simultaneously as seeing racism as articulated in a particular localized context. The importance of analyzing to a deeper extent what is seen as racist in contemporary Icelandic discourse is also emphasized and how racism is often rejected as existing historically in Iceland.

Keywords: Multiculturalism, racism, whiteness, Europe